

# STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 2001

Nr. 195

454

14. mars 2001

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 373, 5. júní 2000,  
um loðnuveiðar íslenskra skipa.

1. gr.

Í stað: „818.626 lestir“ í 2. mgr. 2. gr. komi: 918.626 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. mars 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 196

15. mars 2001

## REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Úr tollnúmeri:</i>		kg	%	kr./kg
0701.9000 Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	16.03.-30.06.01	ótilgr.	15	30
<i>Tollnúmer:</i>				
0702.0002 Tómatar, nýir eða kældir	16.03.-01.04.01	ótilgr.	7,5	50
0702.0002 Tómatar, nýir eða kældir	02.04.-15.04.01	ótilgr.	15	99
0702.0002 Tómatar, nýir eða kældir	16.04.-22.04.01	ótilgr.	22,5	148
0703.9001 Bláðlaukur	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0704.1000 Blómkal	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.2000	Rósakál	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0704.9002	Rauðkál	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0704.9003	Kínakál	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0705.1112	Jöklasalat	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0705.1199	Annað (salat)	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0705.1900	Annað	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffifíflsblöð	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0706.9001	Gulrófur	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0706.9002	Rauðrófur	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0706.9009	Annars	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	16.03.-30.06.01	ótilgr.	7.5	100
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0709.6003	Paprika, græn	16.03.-22.04.01	ótilgr.	30	0
0709.6003	Paprika, græn	23.04.-29.04.01	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, græn	30.04.-30.06.01	ótilgr.	22,5	298
0709.6004	Önnur paprika, (lituð)	16.03.-31.05.01	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2001.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. mars 2001.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólög Vilhjálmsdóttir.*